

Komið sæl

Þá er síðasti mánuður ársins að hefjast og árið senn á enda. Tíminn flýgur áfram og nýtt ár í vændum og því mikilvægt að setjast niður og líta yfir farinn veg. Breytingar urðu á árinu, Dagbjört fór frá okkur, kennarar fóru í leyfi og elstu börnin fluttust á Kátakot. Nýr skólastjóri kom til sögunnar, nýir starfsmenn hófu störf og ný börn byrjuðu skólagöngu sína. Það er stundum erfitt að takast á við breytingar en alltaf kemur maður í manns stað og mikilvægt að við lærum að takast á við það af jákvæðni því lífið tekur endalausum breytingum.

Íslendingar hafa tekist á við miklar breytingar á undanförunum árum eftir að "kreppan" skall á. Við getum látið það hindra okkur eða við getum litið á að það sem tækifærir til að þroskast og efla færni okkar í að takast á við erfiðleika. Við höfum þurft að líta fjármuni öðrum augum og læra að bera virðingu fyrir því sem við höfum. Hófsemi er eitthvað sem mikilvægt er að ígrunda því án hófseminnar getur allt farið úr böndunum, fólk fer að vinna of mikið, sofa of lítið, leikur sér of lítið, eyðir umfram getu og gleymir þeim lífsgildum sem skipta svo miklu máli, sjálfsaga og ábyrgð. Hófsemi kennir okkur að hafa stjórn á löngunum okkar og ná jafnvægi í lífinu. Með hófseminni er líklegra að við fáum nákvæmlega það sem við þurfum. Undir hófsemi fellur að haga lífi sínu á sem bestan hátt s.s. að fá hæfilega mikið af mat, líkamsrækt, leiktíma og svefni. Við þurfum að þekkja okkar mörk og bera virðingu fyrir því að fólk er ólíkt. **Uppbyggingastefnan** tengist einmitt þessu á svo margan hátt og mikilvægt að horfa til þess hvernig við komum fram hvert við annað. Það að góð framkoma leiðir af sér vellíðan er mikilvægt að við höfum í huga svo öllum líði sem allra best. Njótið aðventunnar.

Jólaakveðjur Drífa Þórarinsdóttir



Á grænni grein

Norræni loftlagsdagurinn var þann 11.11.11 og í tilefni dagsins ræddum við um mengun og áhrif á umhverfið. Við fengum okkur grænmeti í stað ávaxta þann dag og hengdum upp áminningu til foreldra um að drepa á bílunum. Þetta með bílana ætlar að vefjast fyrir foreldrum en við viljum enn og aftur minna ykkur á mikilvægi þess að drepa á bílunum go huga verndum umhverfis og ekki síst heilsu okkar.

"Allt er vænt sem vel er grænt"



Brunaæfing 22. nóvember

Í stað þess að setja brunakerfið í gang og rýma húsið var ákveðið að ræða við börnin um brunavarnir og hvað eigi að gera þegar bjallan fer í gang. Ástæðan fyrir breytingunni var að nokkrir urðu mjög hræddir á síðastu æfingu og hafa helst ekki viljað fara í það rými sem þeir voru í þegar bjallan fór í gang. Rýmingaræfing verður á vorönn.



Jólaundirbúningur

Nú er jólabakstur í fullum gangi hér í Krílakoti, föndurgerð að hefjast og jólagjafir til foreldra í vinnslu. Jólaljósín eru að tínast upp hvert af öðru og svo fara jólaskreytingar að fæðast sem við munum skreyta skólann með. Við munum halda ró okkar hér í leikskólanum, syngja jólasöngva, lesa jólasögur og njóta þess að vera til.



Uppbyggingarstefnan

Öll hegðun sem við veljum að framkvæma stýrist af þörfunum fjórum, og er tilraun okkar til að uppfylla þá þörf sem knýr mest á hjá okkur hverju sinni. Stundum tekst okkur vel upp, stundum tekst okkur illa.

Parfirnar fimm

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi



Jólasveinar einn og átta.....

Eitthvað er á huldu hvað jólasveinarnir eru margir, allt frá níu og upp í þrettán. Við ætlum að ganga út frá að þeir séu þrettán og koma þeir af okkar bestu vitund í þessari röð ef þeir ruglast ekki í rýminu blessaðir sveinarnir.

- 12. des. Stekkjastaur
- 13. des. Giljagaur
- 14. des. Stúfur
- 15. des. Þvörusleikir
- 16. des. Pottaskefill
- 17. des. Askasleikir
- 18. des. Hurðaskellir
- 19. des. Skyrghámur
- 20. des. Þjúgnakrækir
- 21. des. Gluggagægir
- 22. des. Gáttapefur.
- 23. des. Ketkrókur.
- 24. des. Kertasníkir.



Hér á þessari vefsíðu má sjá vísurnar um jólasveinana.

<http://notendur.snerpa.is/systaoggaui/stekkjastaur.htm>

Heimasíðan okkar

<http://www.dalvik.krilakot.is>



Foreldraráð 2011-2012

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Guðrún Anna Óskarsdóttir
Magnús Sigurjón Guðmundsson
Klemenz Bjarki Gunnarsson
Nimnual Khakhlong

Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2011-2012

Erna Þórey Björnsdóttir
Ívar Örn Vignisson
Kornelia Anna Klimek
Mariusz Robert Klimek
Óliver Hilmarsson
Hólmfríður Guðrún Skúladóttir
Tryggvi Kristjánsson

Jólafondur

6. des Skakkaland

7. des Skýjaborg

8. des Hólakot

Klukkan 09:00-10:30.

Óskilamunir

Eitthvað er af fatnaði sem hefur ekki fundið sér samastað. Við hvetjum ykkur til að kíkja reglulega í körfuna í fataherbergi og kanna hvort eitthvað tilheyrir ykkur eða ykkar börnum. Það sem ekki skilar sér verður gefið í Rauðakrossinn



Litlu jólin í Bergi

Nú í desember ætlum við að syngja jólalög og æfa okkur fyrir jólaballið sem að þessu sinni verður haldið í Bergi fimmtudaginn 15. desember klukkan 09:45. Foreldrar eru hjartanlega velkomnir með okkur.

Kæru foreldrar

Mikilvægt er að foreldrar virði þann vistunartíma sem samið var um. Við erum að sjálfsögðu tilbúin til að aðstoða ef upp koma vandræði sem þörf er að leysa og hvetjum því foreldra til að vera í sambandi.

Starfsfólk Krílakots

Faðmrag er frábær gjöf. Ein stærð hentar öllum.

Það má gefa við öll tækifæri og er auðvelt í framkvæmd



Leikskólinn lokaður

Leikskólinn er lokaður mánudaginn 2. janúar. Þetta er námskeiðsdagur starfsfólks og mun tónlistarkennarinn Sigríður Pálmadóttir uppfræða starfsfólk um leiðir í tónlist með börnum og líklegst verður þá tekið lagið. Þetta er liður í verkefninu okkar, Tónar eiga Töframál.